



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1709
komudagur 7.3.2008

Reykjavík, 5. Mars 2008
Tilvísun: 200802-0037

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á almannatryggingum, 410. mál.

Í frumvarpinu er tekið fram að það byggi á tillögum verkefnisstjórnar félags- og tryggingamálaráðherra um fyrstu tillögur er byggðu á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir bætt kjör aldraðra og öryrkja. Tekið skal fram að ASÍ á ekki fulltrúa í þessari verkefnisstjórn, en á fulltrúa í svokallaðri ráðgjafanefnd þessarar verkefnisstjórnar. Tillögur verkefnisstjórnarinnar voru kynntar í ráðgjafanefndinni, en þar sem þær byggðu á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var lítið færi gefið á því að gera breytingar.

Tekið skal fram, að í sjálfu sér gerir ASÍ ekki ágreining um þau einstaka atriði sem hér er verið að gera breytingar á og vafalaust er hvert og eitt þeirra mikið réttlætismál þegar það er skoðað eitt og sér og einangrað frá öðrum þáttum almannatryggingakerfisins.

Alþýðusambandið gagnrýnir hins vegar hvernig staðið hefur verið að þessu máli. ASÍ hefur miklar væntingar til þeirra markmiða ríkisstjórnarinnar að setja í gang langþráða vinnu við endurskoðun almannatryggingakerfisins og samspil þess við lífeyrissjóðina. Það voru því mikil vonbrigði að ríkisstjórnin skyldi samhliða því að setja í gang vinnu við endurskoðun almannatryggingakerfisins, sem hún áréttaði í yfirlýsingu sinni við gerð kjarasamninga þann 17. febrúar s.l. að ætti að verða róttækar, velja að setja einnig fram ítarlegar tillögur í stefnuyfirlýsingunni sem voru ófrávíkjanlegar. Þessar tillögur liggja nú fyrir í formi bandorms með nýjum leppum á annars stagbætt almannatryggingakerfi og það þvert á þá vinnu sem í gangi er og án þess að velta fyrir sér afleiðingunum fyrir þá endurskoðun.

Vakin er athygli á því að þetta frumvarp mun skapa alveg nýja og áður óséða mismunun milli mismunandi tryggingaforma lífeyrissjóðanna. Þannig munu greiðslur lífeyrissjóða vegna ellilífeyris á grundvelli skylduaðildar frá 1. krónu skerða tekjutryggingu almannatrygginga, en ef viðkomandi sjóðsfélagi fær örorkubætur mun hann njóta kr. 300.000 frítekjumarks. Ef viðkomandi sjóðsfélagi fær ellilífeyri á grundvelli frjáls viðbótarsparnaðar mun tekjutrygging hans hins vegar ekki skerðast. Til að það verði hægt þurfa

skattyfirvöld að breyta skattframtalinu. Nú verður að greina á milli þess lífeyris sem viðkomandi sjóðsfélagi fær á grundvelli skyldusparnaðar og þess lífeyris sem hann fær á grundvelli frjáls sparnaðar. Ef hann hefur sinnt skyldu sinni að spara fyrir grunnréttindum verður hann skertur en ef hann hefur komist hjá því og greitt iðgjöld til séreignasjóða (eins og lengi tíðkaðist meðal hátekjumanna í stjórnunarstöðu) mun hann fá óskerta tekjutryggingu. Enginn vafi er á því að þetta mun magna upp óánægju meðal þeirra sem fá sinn lífeyri á grundvelli þess að hafa sinn skyldu sinni að spara fyrir grunnréttindum.

Eins og áður sagði leggst ASÍ ekki gegn þessu frumvarpi, en ítrekar að frumvarpið býr til algerlega óviðunandi stöðu gagnvart harkalegri og ósanngjarnri tekjutengingu ellilífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðunum. Er þetta gert þrátt fyrir ítrekuð mótmæli verkálýðshreyfingarinnar og í raun má furðu sæta að skyldusparnaður landsmanna í lífeyrissjóðina sé skattlagður með þessum hætti. Á þessu verður að verða breyting.

Með kveðju,



Gylfi Arnbjörnsson
Framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/1774
komudagur 11.3.2008



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2008

Efni: Umsögn BSRB um þskj. 661 – 410. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari tíma breytingum.

I. Að draga úr of -og vangreiðslum tekjutengdra bóta. Þannig verður frítekjumark upp að 90.000 krónum á ári sett á fjármagnstekjur þar sem stór hluti ofgreiðslna sem myndast hjá bótaþegum kemur til vegna þess að þeir hafa ekki tilkynnt fjármagnstekjur sínar til Tryggingastofnunar (TR). *Þetta er til bóta þó upphæðin sé ekki há eða 7.500 krónur á mánuði. Hjálpar þar sem það á við en vandinn hefur oft verið sá að þeir heiðarlegu sem gefa upp fjármagnstekjur sínar lenda í skerðingum og e.t.v. bakreikningum - en hinir sleppa.*

II. Frítekjumark vegna atvinnutekna 67 – 70 ára hækkað úr 327.000 krónum á ári í 1.200.000 krónur á ári (100.000 krónur á mánuði). *Þetta er vissulega til bóta fyrir þá sem eru á þessu aldursbili og sem vilja og geta stundað launaða vinnu. Gert er ráð fyrir svipaðri lendingu fyrir örorkulífeyrisþega samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. desember 2007 en framkvæmdanefnd forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar á að vinna að þeim tillögum. Það er þó ekki komið enn fram hvernig málum öryrkja verður fyrir komið en þó er vitað að kostnaður hins opinbera er mun meiri við það en vegna ellilífeyrisþega. Þannig er ódýrari útsærslan af þessu tvennu í frumvarpinu nú.*

III. D- liður 2. mgr. fellur brott. *Þannig fellur alveg út tenging á tekjum lífeyrisþega við tekjur maka. Þetta hefur verið baráttumál lífeyrisþega í fleiri ár og er vel að þessi þáttaskil verði nú.*

IV. Frítekjumark örorku-og endurhæfingarlífeyrisþega vegna lífeyrissjóðstekna upp á krónur 300 þúsund á ári eða 25.000 krónur á mánuði. Þannig skerða tekjur upp að þessu marki ekki tekjutryggingu eða heimilisuppbót.

Í athugasemdum við þessa grein frumvarpsins segir m.a.: „Með þessari breytingu er jafnframt komið til móts við áherslur lífeyrissjóðanna um að dregið verði úr vaxlverkandi skerðingum milli bótagreiðslna úr lífeyrissjóðunum annars vegar og almannatryggingum hins vegar. Hið sama gildir um heimilisuppbót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sbr. 8. gr. þeirra laga“.

Með sömu rökum og í þessum athugasemdum má segja að setja ætti jafnframt frítekjumörk fyrir ellilífeyrisþega vegna lífeyrissjóðstekna en það er ekki gert í þessu frumvarpi. Afram er gert ráð fyrir skerðingu tekjutryggingar og heimilisuppbótar frá fyrstu krónu sem koma frá lífeyrissjóðum.

Frítekjumark vegna tekna úr lífeyrissjóði fyrir örorkulífeyris- og endurhæfingarlífeyrisþega getur bætt kjör þeirra sem mest þurfa á því að halda. Í raun koma þau hinum tekjulægri mun betur en lækkun skerðingarprósentu sem kemur hinum tekjuhærri betur.

Ef frumvarp þetta verður að lögum eru eftir breytingarnar komin alls konar frítekjumörk vegna atvinnutekna bæði fyrir öryrkja og aldraða, vegna fjármagnstekna fyrir öryrkja og aldraða og vegna lífeyrissjóðstekna fyrir öryrkja og endurhæfingarlífeyrisþega. Eftir stendur að bætur ellilífeyrisþega skerðast frá fyrstu krónu sem þeir fá úr lífeyrissjóði. Raunar er það svo að ellilífeyrisþegi með tekjutryggingu sem býr einn missir 2/3 af tekjum sínum úr lífeyrissjóði í skerðingu og skatta. Þar þyrfti líka að taka fyrsta skrefið í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá því í maí 2007. Þar stendur: „Skodað verði hvort undanskilja megi hluta af lífeyrissjóðstekjum eldri borgara skerðingum í almannatryggingakerfinu“.

Lífeyrissjóðstekjur eru megintekjustofn ellilífeyrisþega að frátöldum greiðslum frá TR svo meðferð þeirra tekna skiptir þá flesta mestu máli. Það er vitað að kostnaður hins opinbera er mun meiri við þetta en hjá örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum. Þannig er ódýrari útfærslan af þessu tvennu í frumvarpinu nú.

Þó vitað sé að þetta kostar hið opinbera hærrí fjárhæðir vegna minni skerðinga á greiðslum TR, en margar aðrar aðgerðir, er þetta réttlætismál sem ætti ekki sist að skoða í samhengi við framkvæmdina við að ellilífeyrisþegum sé tryggt að lágmarki 25 þúsund krónur í lífeyrissjóðstekjur á mánuði (nefnt hér á eftir). Ef skerðingar þessara lífeyrissjóðstekna yrðu eins hugsaðar og annarra tekna frá lífeyrissjóðum væru þessar 25.000 krónur frekar sýndarveruleiki en veruleg kjarabót. Þá myndi ellilífeyrisþegi, sem hefur tekjutryggingu og ekkert hafði úr lífeyrissjóði og fengi þessar 25.000 krónur á mánuði, einungis halda eftir 8.091 krónu af þessu eftir skatta og skerðingar. Eftir stæði minna en 1/3 af greiðslunni. Til að eitthvað meira yrði úr þessari sérstöku greiðslu myndi frítekjumark eins og öryrkjarnir munu njóta skv. frumvarpinu koma til bóta, en einnig verulega hækkuð skattleysismörk eða að tekjur úr lífeyrissjóði yrðu að a.m.k. að meginhluta skattlagðar eins og fjármagnstekjur með 10% skatti en ekki með núverandi staðgreiðslu upp á 35,72%.

V. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. desember 2007 segir: „Jafnframt mun ríkissjóður tryggja að ellilífeyrisþegar fái að lágmarki 25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði frá 1. júlí 2008“. Ekki er talað um þetta í frumvarpi þessu. Ef af því verður er verið að búa til nýtt kerfi til hliðar við kerfi almannatrygginga eða lífeyrissjóða og flækja enn frekar flókið kerfi. Framkvæmdin er líka óráðin. Með núverandi skerðingum á ellilífeyri færur rúmlega 2/3 hlutar af þessari greiðslu til baka til hins opinbera í formi skerðinga og

skatta. Spurningar vakna um hvort tveggja í senn: Hvort bótaþegi fái greiðslu úr lífeyrissjóði án þess að hafa greitt í hann og eins hve skerðingar vegna greiðslna þaðan eru miklar í almannatryggingum. Þetta hlýtur að draga úr tiltrú fólks á lífeyrissjóðakerfið en það getur tæpast verið ætlunin.

VI. Skerðingarhlutfall ellilífeyris lækkar úr 30% í 25% frá 1. apríl 2008 og verður eins og hjá örorkulífeyrisþegum og frítækjumark ellilífeyris hækkað til samræmis við frítækjumörk örorkulífeyris. Þetta dregur úr þeirri hættu að bætur ellilífeyrisþega 67-70 ára „falli á krónunni“ eins og það er kallað. Nú er það svo enn að smávægileg hækkun atvinnutekna, t.d. um 5 krónur á mánuði, á ákveðnu tekjubili getur orðið til þess að ellilífeyrisþegi missi lífeyri frá TR upp á tæplega 580 þúsund krónur á ári. Þetta gerist ef ellilífeyrisþegi fer yfir 277.009 krónur á mánuði og missir þá rétt til grunnlífeyris og einnig allan rétt til annarra bóta almannatrygginga sem hann hafði rétt á. Hækkun frítækjumarka atvinnutekna (1. júlí 2008), 90 þúsund króna frítækjumark á ári vegna fjármagnstekna, og lækkun skerðingarhlutfalls ellilífeyris (1. apríl 2008) dregur úr hættunni á að ellilífeyrisþegar lendi í þessari gildru og er það vel.

VII. 2. mgr. 4. gr. b. um aldurstengdar örorkuuppþætur gerir ráð fyrir hækkun á hlutfalli af óskertum mánaðarlegum örorkulífeyri og þannig fjölgar þeim sem fá 100% uppbot vegna ungs aldurs. Í mörg ár hefur verið uppi ágreiningur um línulega hækkun ár fyrir ár á aldurstengdu örorkubótunum. Þetta var gagnrýnt mikið af fulltrúum öryrkja í tíð síðustu ríkisstjórnar og þáverandi stjórnarandstöðu og stóð ágreiningurinn um 500 milljón krónur sem til þyrfti til þess að þetta næðist. Þetta frumvarp fer skref í átt að línulegu hækkuninni en þær 200 milljónir sem í þetta eiga að fara ná þó ekki hálfri leið að því sem uppá vantar.

VIII. Í frumvarpinu er breyting á 8. mgr. 48. gr. laganna um vasapeninga. Vonast er til að fyrirkomulagi vegna vasapeninga verði breytt algerlega hið fyrsta svo þessi smávægilega hækkun svokallaðra vasapeninga yrði þá tímabundin.

IX. Skerðing lífeyrisgreiðslna vegna innlausnar séreignarsparnaðar verður afnumin frá 1. janúar 2009. Hingað til hefur það verið svo að sá sem ekki vissi að hann þyrfti að leysa út sinn séreignarsparnað áður en hann yrði 67 ára gat lent í verulegum skerðingum á greiðslum almannatrygginga meðan hinn sem þetta vissi og gat leyst út sinn séreignarsparnað áður en hann varð 67 ára varð ekki fyrir skerðingu vegna þessa. Þarna skiptir upplýsingagjöf miklu máli en eftir næstu áramót þarf ellilífeyrisþegi ekki að hafa áhyggjur af þessu. Hann þarf hins vegar að vara sig á að leysa sparnaðinn ekki ú tá árinu 2008 ef hann er kominn á ellilífeyrisaldur.

Að lokum:

Í frumvarpinu eru stigin skréf í rétta átt fyrir lífeyrisþega þó að sumu leyti sé kerfið að flækjast enn meira, en þó eru skilin á tekjutengingu við tekjur maka, þ.e. að tekjur maka hafi ekki lengur áhrif til verulegrar einföldunar.


Frítekjumörkin sem valin eru fyrir öryrkja vegna lífeyrissjóðstekna (300 þús. á ári) og fyrir ellilífeyrisþega vegna hækkunar á mörkunum vegna atvinnutekna (1.200.000 á ári) virðast fremur valin með tilliti til kostnaðar fyrir hið opinbera. Það yrði margfalt dýrara að gera þetta á hinn veginn þ.e. að ellilífeyrisþegar fái frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna og að hækka frítekjumark öryrkja vegna atvinnutekna. Þannig er brúttó áætlaður kostnaður á ári við þessa liði frumvarpsins 800 milljónir +120 milljónir (en ekki 2.616 milljónir+ 400 milljónir ef þetta væri öfugt).

Almennt séð má nefna að í þessu frumvarpi eru ekki hækkarnir á greiðslum til þeirra sem engar tekjur hafa nema frá TR (að undanskildum þeim sem hækka vegna breytinga á aldurstengdu örorkunni). Þegar og ef 25.000 að lágmarki fyrir ellilífeyrisþega sem komi sem ígildi greiðslu frá lífeyrissjóði (þó þannig að aðeins tæplega 1/3 verður eftir eins og áður sagði) þá standa eftir hópar sem ekkert hækka við breytingarnar sem þetta frumvarp felur í sér - nefnilega öryrkjar sem hafa bara tekjur frá TR.


Svokallað „fall á krónunni“ er enn til staðar. Það á við þegar allar bætur almannatrygginga falla niður vegna þess að rétturinn til grunnlífeyris fellur niður. Fyrir ellilífeyrisþega sem býr einn gæti því komið bakreikningur upp á yfir 500 þúsund krónur fyrir árið ef hann fer akkúrat yfir ákveðin tekjumörk, sem þó eru hærrí en áður (nær 300 þúsund kr. á mánuði) og því reyndar minni hætta á því en áður fyrr. Þetta væri hægt að leysa, t.d. með því að 60% reglan varðandi atvinnutekjur gildi ekki bara um tekjutryggingu heldur líka grunnlífeyri.

Nýtt frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna eykur í raun hættuna á að „fall á krónunni“ verði mikið hjá örorkulífeyrisþega. Þetta er vegna þess að tekjur úr lífeyrissjóði skerða ekki grunnlífeyri en þarna getur meiri upphæð tapast vegna missis á tekjutryggingu og heimilisuppbót þegar réttur til grunnlífeyris dettur út og þ.a.l. allur réttur til greiðslna frá TR.

Fyrir hönd BSRB



Einar Arnason
hagfræðingur



FÉLAG
ELÐRI
BORGARA

Alþingi
Erindi nr. **P** 135/1752
komudagur 10.3.2008

Áskorun til stjórnvalda um kjaramál

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni skorar á stjórnvöld að hrinda í framkvæmd á þessu kjörtímabili eftirfarandi kröfum í kjaramálum eldri borgara.

1. Að kerfi lífeyristrygginga verði einfaldað svo það verði jafnframt virkast fyrir þá sem byggja meginafkomu sína á því,
2. að dregið verði frekar úr tekjutengingum bótaflokka með tilliti til þess að áhrif jaðarskatta verði ekki svo tilfinnanleg sem þau eru í dag. Sérstök áhersla verði lögð á að draga úr skerðingu tryggingabóta vegna tekna úr lífeyrissjóði,
3. að tryggja að öryrkjar, sem ná ellilífeyrisaldri, haldi áfram aldurstengdum, óskertum örorkubótum,
4. að endurskoða ákvæði um endurkröfu lífeyrisgreiðslna frá TR.
5. Laun lífeyrisþega taki mið af neyslukönnun Hagstofu Íslands sem birt var **18. desember** á sl. ári, eða kr. **226 þúsund** á mánuði fyrir utan skatta. (Vísitöluhækkun frá því könnun var gerð meðtalin) Þessi hækkun verði að fullu komin til framkvæmda á árinu 2009 að viðbættum vísitöluhækkunum og breytingum á neyslu einstaklinga, sbr. könnun Hagstofu Íslands.
6. Skattleysismörk hækki í kr. 150 þúsund á mánuði. Þessi breyting verði að fullu komin til framkvæmda 2009 með eðlilegum vísitöluhækkunum fram til þess tíma.
7. Frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna verði að lágmarki kr. 100 þúsund á mánuði.
8. Skattar á lífeyrissjóðsgreiðslum lækki úr 35,72% í 10,00%. Útfærslan verði ákveðin í samráði við aðila vinnumarkaðarins og samtök lífeyrisþega.
9. Vismenn á hjúkrunarheimilum og dvalarheimilum aldraðra haldi fullu fjárræði, þ.e. fái í eigin hendur allar bætur og greiði sjálfir hluta af þeim til stofnunarinnar.
10. Viðmiðunarhugtak almannatrygginga verði endurskoðað með það fyrir augum að óvæntur og óreglulegur ávinningur leiði ekki til afnáms lífeyrisréttar og skerðingar á bótum lífeyrisþegans eins og nú gerist t.d. við sölu gamalla verðbréfa eða sumarhúsa og viðtöku tryggingabóta vegna slysa.
11. Afnumin verði ákvæði núgildandi laga sem kveða á um að ef ellilífeyrisþegi missir rétt á grunnlífeyri, þá missi hann einnig allan rétt á öðrum bótum almannatrygginga.
12. Við fráfall ellilífeyrisþega haldi eftirlifandi maki/sambúðarmaki óskertum lífeyri hins látna frá almannatryggingum í sex mánuði, sem síðan skerðist í áföngum og falli niður að 12 mánuðum liðnum.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7.mars 2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, 410. mál

Frumvarpið felur í sér ýmsar breytingar á ofangreindum lögum sem miða að því að bæta kjör aldraðra og auka þátttöku þeirra á vinnumarkaði. Í athugasemdum með frumvarpinu eru jafnframt boðaðar breytingar á hliðstæðum lagaákvæðum varðandi öryrkja, endurskoðun örorkumats og efling starfsendurhæfingar, sem miða með hliðstæðum hætti að því að auka atvinnuþátttöku öryrkja.

Mikilvægustu ákvæði frumvarpsins felast í því að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67-70 ára úr 25 þús.kr. í 100 þús. kr. á mánuði frá og með 1. júlí 2008 og ákveða 300 þús. kr. frítekjumark á ári á tekjur örorkulífeyrisþega úr lífeyrissjóðum. Þá er gert ráð fyrir afnámi skerðingar tryggingabóta vegna tekna maka, ráðstöfunum til að draga úr of- og vangreiðslum tryggingabóta m.a. með 90 þús.kr. frítekjumarki á fjármagnstekjur og afnámi á skerðingu lífeyrisgreiðslna vegna innlausnar séreignasparnaðar frá árinu 2009.

Samtök atvinnulífsins hafa vakið athygli á því að á næstu árum og áratugum mun öldruðum Íslendingum fjölga mjög mikið, en að sama skapi muni fólki á vinnualdri og börnum fækka verulega hlutfallslega. Þessi fyrirséða mikla breyting á aldursamsetningu þjóðarinnar mun takamarka hagvöxt og draga úr lífskjarabata og valda viðvarandi vinnuafllsskortri auk þess að hafa í för með sér auknar kröfur um heilbrigðis- og almannaþjónustu og þrýsting til aukinnar skattbyrði. Meðal nauðsynlegra úrræða til að takast á við þessa áskorun eru leiðir til þess að auka atvinnuþátttöku aldraðra. Auk þess að bæta verulega kjör aldraðra telja SA að frumvarp þetta feli í sér mikilvæg skref í þessa átt og lýsa því stuðningi sínum við þau.

Þá hafa Samtök atvinnulífsins ítrekað lýst áhyggjum af sívaxandi fjölgun öryrkja og alltof hárrí örorkutíðni, en sú alvarlega þróun leiðir til hækkandi kostnaðar samfélagsins og brotthvarfs af vinnumarkaði. Þótt atvinnuþátttaka hér á landi sé almennt með því hæsta sem þekkest í heiminum, er þessu algjörlega öfugt farið hvað varðar atvinnuþátttöku öryrkja. Hefur aukinn kostnaður vegna fjölgunar öryrkja meðal annars komið niður á lífeyrissjóðunum sem hafa þurft hærri iðgjöld til þess að rísa undir auknum kostnaði vegna örorku jafnframt því sem getu lífeyrissjóða til greiðslu eftirlauna er ógnað. Hafa SA í þessu sambandi m.a. lagt áherslu á endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar, sbr. m.a. yfirlýsingu ASÍ og SA um Endurhæfingarsjóð í tengslum við nýgerða kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarp þetta vinnur framkvæmdanefnd forsætisráðherra að tillögum um endurskoðun örorkumats og eflingu




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

starfsendurhæfingar og er gert ráð fyrir að þær miði að bættum úrræðum og leiðum til aukinnar atvinnuþátttöku öryrkja. Eru þær yfirlýsingar sem í athugasemdum með frumvarpinu felast í samræmi við umræður Samtaka atvinnulífsins við stjórnvöld um þetta efni að undanförmu.

Með hliðsjón af framanrituðu lýsa Samtök atvinnulífsins stuðningi sínum við frumvarpið og hvetja til þess að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1708
komudagur 7.3.2008



Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2008
HJ/ÁPS/SLB/016/08

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum, 410. mál

Vísað er til bréfs, dags. 26. febrúar 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Þær athugasemdir sem stofnunin hefur fram að færa eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir því í 11. gr. frumvarpsins að tímasetning gildistöku sé mismunandi sem getur valdið vandkvæðum í framkvæmd, t.d. vegna uppgjörs, auk þess sem það gerir greiðsluegum erfitt fyrir að átta sig á rétti sínum til greiðslna.
2. Í 2. gr. frumvarpsins væri eðlilegra að nota orðið “ellilífeyrisþega” í stað “einstaklinga” til samræmis við orðalag 3. gr. frumvarpsins.
3. Í f-lið 1. gr. og f-lið 9. gr. frumvarpsins er eðlilegra að nota orðið “greiðslur” í stað orðsins “bætur” um sambærilegar greiðslur frá öðrum ríkjum þar sem greiðslur úr séreignarlífeyrissparnaði bætast við þá tekjuflokka sem taldir eru upp í þessum ákvæðum.

Virðingarfyllst,


Sigfður Lillý Baldursdóttir
forstjóri



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2008

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar. ÖBÍ fagnar þeim breytingum sem gerðar eru í frumvarpinu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.


Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

1. B-lið 2. mgr, ÖBÍ telur það miður að frítekjumark öryrkja- og endurhæfingalífeyrisþega verði áfram 300.000 en ekki sambærilegt frítekjumarki ellilífeyrisþega að upphæð kr. 1.200.000 á ári. ÖBÍ treystir því að framkvæmdanefnd forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar flýti afgreiðslu þessa máls svo sambærileg réttarbót komi til framkvæmda fyrir öryrkja jafnt sem ellilífeyrisþega og gildi frá sama tíma.

2. við 4. gr. ÖBÍ bendir á að ekki er enn horft til þess að við 67 ára aldur fellur aldurstengd uppbót niður, þrátt fyrir að ÖBÍ hafi ítrekað bent á anmarka þessa fyrir þennan hóp.

3. við 6. gr. varðandi upphæð vasapeninga þ.e. rauntölur frá 1. janúar 2008 og þá upphæð sem sett er fram í athugasemdum með frumvarpinu hærrí en uppgæfið í 6. gr. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að upphæðin sé kr. 36.755 en í 6. gr. uppgæfið kr. 28.951, hér virðist þurfa að uppfæra töluna. Einnig gerir ÖBÍ athugasemd við að tekjur skerði vasapeninga um 65%, til að gæta jafnræðis við aðra lífeyrisþega væri eðlilegra að sú skerðingarprósenta færi ekki upp fyrir 50%.

Virðingarfyllst,
f.h. ÖBÍ


Halldór Sævar Guðbergsson
formaður ÖBÍ